



Alþingi
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2013
1301164/0.1.2 GG/l sj/vj

Efni: Mál nr. 499. Til umsagnar frumvarp til laga um tóbaksvarnir og verslun með áfengi og tóbak

Embætti landlæknis þakkar veitt tækifæri til umsagnar um frumvarp þetta.


Almenn umsögn

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er það unnið í samráði við Embætti landlæknis og byggir á nýlegri gagnaöflun og greiningu á neyslumynstri reyklauss tóbaks á Íslandi. Við stöndum nú frammi fyrir mikilli aukningu á neyslu reyklauss tóbaks, einkum hjá ungu fólki. Markmið frumvarps þessa er að draga úr þeirri neyslu auk þess að banna notkun tóbaks í öllu skólum og lóðum þeirra hér á landi, að háskólastigi. Breytingar á lögum um vöruval og heimild til setningar reglugerðar þar um mun efla möguleika á að sporna við innflutningi á varningi sem er sérstaklega beint að ungu fólki. Það er í samræmi við þróun erlendis þar sem fara saman fjölþættar áherslur á að takmarka markaðssetningu til ungs fólks meðal annars með tilliti til útlits vöru.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur boðað auknar áherslur á að berjast gegn allri tóbaksnotkun, þar með talið notkun reyklauss tóbaks. Evrópusambandið er einnig með í bígerð heildarendurskoðun á reglugerð um tóbaksvarnir, þar sem er boðuð áframhaldandi andstaða gegn reyklausu tóbaki.

Það er mat landlæknis að frumvarp þetta sé mikilvægur þáttur í að styrkja tóbaksvarnir einkum þar sem þetta lýtur að stærstum hluta að ungu fólki.

Virðingarfyllst,


Geir Gunnlaugsson,
landlæknir